



25. mars
2020

Hjálpumst að í breyttu samfélagi


Á Snæfellsnesi eru mörg fyrirtæki og það er mikilvægt að við þekkjum þau og nýtum okkur þjónustu þeirra. Nú er margt að breytast og fyrirtækin bregðast við eins vel og þau geta, víða er t.d. hægt að fá heimsendingu.

Það er líka mikilvægt að nýta tækifærin sem eru fyrir hendi. Tækninni fleygir fram og flestir eru á fullu að æfa sig í alls kyns tæknilausnum núna. Gott netsamband er ekki síður mikilvægt en vegakerfið.

Við erum með góða innviði. Hjálpumst að við að nýta þá í breyttu samfélagi.



VELKOMIN Á SNÆFELLSNES allt árið Welcome to Snæfellsnes, all year round



Þjónustukort af Snæfellsnesi 2020
Svæðisgarðurinn Snæfellsnes

Áskorendahornið

Í kvöld, 25. mars ætlar Ingi Hans að setja inn á fésbókarsíðu sína Grundarfjarðarævintýri, þar sem raunverulegar persónur verða settar inn í skáldaðan veruleika. Hlekk á ævintýrið verður deilt á samfélagsmiðlum Svæðisgarðsins á morgun.



Bæjarstjórar og oddvitar í árlegri ferð um Svæðisgarðinn 2019. Tómas Kristjánsson



Stjórn Svæðisgarðsins Snæfellsnes með starfsmönnum, í nóvember 2019.

Frá hægri: Björg Ágústsdóttir formaður stjórnar og fulltrúi sveitarfélaga á Snæfellsnesi, Elín Guðnadóttir verkefnastjóri matarverkefnis Svæðisgarðsins, Þorkell Símonarson fulltrúi Ferðamálasamtaka Snæfellsness, Hallur Pálsson fulltrúi búnaðarfélaga á Snæfellsnesi, Jakob Jakobsson, fulltrúi sveitarfélaga á Snæfellsnesi, Júníana Óttarsdóttir fulltrúi sveitarfélaga á Snæfellsnesi, Helga Hafsteinsdóttir fulltrúi Starfsmannafélags Snæfellsness og Dala og Ragnhildur Sigurðardóttir framkvæmdastjóri Svæðisgarðsins.

Fullskipað Fulltrúaráð Svæðisgarðsins kemur venjulega saman tvisvar á ári. Á ársfundi þess eru teknar ákvarðanir um forgangsverkefni Svæðisgarðsins og samþykkt verkefna- og fjárhagsáætlun hvers árs.



Matur á Snæfellsnesi
Svæðisgarðurinn Snæfellsnes 2019

Svæðisgarðurinn farvegur fyrir samstarf

Svæðisgarðurinn Snæfellsnes er fyrst og fremst farvegur fyrir samstarf á Snæfellsnesi. Mesti ávinningurinn er sennilega að aðilar á Snæfellsnesi sjá sig fremur sem heild og vinna meira saman en áður.

Meðfylgjandi mynd sýnir bæjarstjóra og oddvita á Snæfellsnesi í árlegri ferð sinni um Svæðisgarðinn.

Svæðisgarðurinn hefur unnið að fjölbreyttum verkefnum. Hann er þekktur innan ákveðins hóps en þarf að verða íbúum og atvinnulífi í heild enn ofar í huga. Ef menn sjá Svæðisgarðinn, þá eflist hann.

Eitt lykilverkefnið framundan er því að auka sýnileika Svæðisgarðsins.



Kajakferð um Snæfellsnes
Kontiki kajakferðir

Matarkistan okkar

Nú er í gangi námskeiðið Beint frá bát og býli; matvælavinnsla frá A – Ö. Þetta er samvinnuverkefni Símenntunar Vesturlands, Svæðisgarðsins Snæfellsness og Markaðsstofu Vesturlands með styrk frá Matarauð Íslands og Sóknaráætlun Vesturlands.

Jafningjafraeðsla hefur alltaf gefist okkur vel og í þessu námskeiði er að auki blandað saman sjö netnámskeiðum og fjórum vinnusmiðjum.

Til stóð að útskrifa hópinn 4. apríl en því hefur verið frestað af því að nú er ekki viðeigandi að hittast í stórum hóp. Þrettán Snæfellingar taka þátt í námskeiðinu og vinna að vöruþróun með sínum matarhugmyndum.

Það er ákaflega gaman að fylgjast með kraftinum í þessu grasrótastarfi.

Matarklasi Snæfellsness var stofnaður fyrr á árinu og innan Svæðisgarðsins er unnið að sækeraferðum um Snæfellsnes.

Ábyrgðarmaður fréttabréfs:
Ragnhildur Sigurðardóttir
framkvæmdastjóri
Svæðisgarðsins Snæfellsnes